



Framkvæmda- fréttir 12. tbl. /05

Útnesvegur (574), Gröf – Arnarstapi sjá bls. 4



Tölvugerð mynd af væntanlegum vegi yfir Klifhraun á Snæfellsnesi. Núverandi vegur er í forgrunni.

Auglýsingar útboða

Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2005, malbik 05-002

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með malbiki eða endurlögn með viðbótarmalbiki (repave) á Suðvestursvæði 2005.

Helstu magntölur eru:

Yfirlögn með malbiki	33.400 m ²
Endurlögn með upphitun og viðbótarmalbiki (repave)	40.000 m ²
Malbik	6.300 tonn

Verki skal að fullu lokið 1. ágúst 2005.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 9. maí 2005. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 24. maí 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Útnesvegur (574), Gröf – Arnarstapi 04-004

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurlögn Útnesvegur (574) frá Gröf að Arnarstapa. Lengd kafla 6,6 km.

Helstu magntölur eru:

Skering	46.000 m ³
þar af bergskering	10.000 m ³
Ræsalögn	250 m
Fylling	110.100 m ³
Neðra burðarlag	14.250 m ³
Efra burðarlag	9.500 m ³
Tvöföld klæðing	40.000 m ²
Uppsetning vegriða	240 m

Verki skal að fullu lokið 15. júlí 2006.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 9. maí 2005. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum eða til Vegagerðarinnar Dagverðardal á Ísafirði fyrir kl. 14.00 þriðjudaginn 24. maí 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 12. tbl. 13. árg. nr. 401 9. maí 2005

Ritstjórn og umsjón útgáfu:
Víktor Arnar Ingólfsson
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.



Stefán Erlendsson
forstöðumaður lögfræðideildar
Vegagerðarinnar skrifar

Kærunefnd útboðs- mála úrskurðar gegn Vegagerðinni

Með úrskurði þann 19. apríl 2005 úrskurðaði Kærunefnd útboðsmála að ákvörðun Vegagerðarinnar um að taka tilboði Háfells ehf., næstlægstbjóðanda, í útboði á lagningu Suðurstrandarveggar, Hraun-Ísólfskálí, hefði verið ólögmat og að Vegagerðin sé skaðabótaskyld vegna kostnaðar við gerð tilboðs í verkið. Auk þess var Vegagerðinni gert að greiða Nesey 250.000 kr. í kostnað við að hafa uppi kærana.

Nesey ehf., lægstbjóðandi í verkið, bauð **84.569.800 kr.** sem er 56,3% af kostnaðaráætlun sem var 150.340.662 kr. Í grein 1.8 í útboðslýsingu var sett svohljóðandi skilyrði fyrir þátttöku í útboðinu í samræmi við 31. gr. laga um opinber innkaup nr. 94/2001:

„Til að koma til álita við val á verktaka er gerð sú krafa að bjóðandi hafi áður unnið sambærileg verk fyrir verkkaupa eða annan aðila á síðastliðnum fimm árum. Með sambærilegum verkum er átt við verkefni svipaðs eðlis og að upphæð verksamninga hafi að lágmarki verið 50% af tilboði í þetta verk.“

Nesey ehf. tilgreindi 5 verk frá sl. fimm árum sem það taldi sambærileg. Ekkert þeirra komst nálægt því að vera 50% af tilboði Neseyjar, það stærsta að fjárhæð 21.702.988 kr. Samanlögð fjárhæð verksamninga þessarra 5 verka var 68.690.600 kr. Vegagerðin taldi samkvæmt þessu óheimilt að semja við Nesey ehf. þar sem fyrirtækið hafði ekki á sl. 5 árum unnið eitt einasta sambærilegt verk að umfangi og gat því ekki sýnt fram á að það uppfyllti kröfur útboðslýsingar um tæknilega getu. Kærunefnd taldi hins vegar að þar sem samanlögð fjárhæð allra tilgreindra verksamninga næmi yfir 50% af tilboðsfjárhæð hefði borið að semja við Nesey ehf.

Kærunefnd segir í rökstuðningi fyrir niðurstöðu að orðalag greinar 1.8 verði ekki skilið með öðrum hætti en að bjóðandi í verkið verði að hafa unnið fleiri en eitt sambærilegt verk til að mega taka þátt í útboðinu. Hins vegar sé ekki skýrt hve mörg verkin þurfi að vera. Kærunefnd telur að Vegagerðin verði að bera hallann af því að ekki er skilgreint hve mörg verkin þurfi að vera. Með vísan til þess telur kærunefnd unnt að skilja ákvæði 1.8 með þeim hætti að „nægilegt hafi verið að fjárhæð verksamninga sl. fimm ár hafi **samtals** verið sem næmi 50% af tilboði í verkið sem hér um ræðir.“ (leturbr. SE)

Telja verður ofangreinda niðurstöðu í andstöðu við orðalag ákvæðis 1.8 í útboðslýsingu. Nesey gat ekki bent á neitt verk sem taldist sambærilegt að umfangi. Í útboðslýsingu er ekki að finna vísbendingu um að ætlunin hafi verið að bjóðendur gætu uppfyllt kröfu um sambærileg verk með því að leggja saman mun smærri verk. Ákvæði 1.8 er ætlað að tryggja að verktaki hafi næga tæknilega getu til að framkvæma verk af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir. Af sjálfu leiðir að þó að verktaki hafi unnið mörg lítil verk segir það ekkert um tæknilega getu hans til að vinna stór verk. Með hliðsjón af framan- greindu er það mat undirritaðs að niðurstaða Kærunefndar útboðsmála fái á engan hátt staðist.

02.05. 2005

Niðurstöður útboða

Festun og yfirlögn á Norðvestur- svæði 2005 – 2006 05-016

Tilboð opnuð 2. maí 2005. Festun vega með froðubiki eða bikþeytu og lögn tvöfaldrar klæðingar á Norðvestursvæði á árunum 2005 og 2006. Um er að ræða alls 53,6 km á 25 vegarköflum.

Helstu magntölur eru:

Festun með froðubiki eða bikþeytu

Árið 2005186.000 m²

Árið 2006176.000 m²

Tvöföld klæðing

Árið 2005183.000 m²

Árið 2006174.000 m²

Verklök verkhluta eru 1. september hvort ár.

A Froðubik

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
5	Klæðning ehf., Kópavogi	249.392.540	123,2	77.525
4	Arnardalur sf., Kópavogi	237.686.694	117,4	65.819
3	Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas, Hafnarfirði	224.227.100	110,8	52.359
---	Áætlaður verktakakostnaður	202.414.237	100,0	30.546
2	Árni Helgason ehf., Ólafsfirði	174.113.900	86,0	2.246
1	Borgarverk ehf., Borgarnesi	171.867.857	84,9	0

B Bikþeyta

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
5	Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas, Hafnarfirði	219.256.280	104,6	40.929
4	Klæðning ehf., Kópavogi	214.439.850	102,3	36.113
---	Áætlaður verktakakostnaður	209.620.711	100,0	31.294
3	Arnardalur sf., Kópavogi	192.490.834	91,8	14.164
2	Árni Helgason ehf., Ólafsfirði	178.956.200	85,4	629
1	Borgarverk ehf.,			

Niðurstöður útboða

Kringlumýrarbraut (40) -
Miklabraut (49),
breikkun gatnamóta

05 - 004

Tilboð opnuð 2. maí 2005. Verkið Kringlumýrarbraut (40) -
Miklabraut (49), breikkun gatnamóta.

Helstu magntölur eru:

Skeringar í laus jarðlög	25.000 m ³
yllingar og burðarlög	24.000 m ³
malbik	32.000 m ²


Verki skal að fullu lokið 29. ágúst 2005.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávík (þús.kr.)
3 Ístak hf., Reykjavík	252.622.921	120,3	23.136
2 Klæðning ehf., Kópavogi	250.000.000	119,0	20.513
1 Heimir og Þorgeir ehf., Garðabæ	229.487.371	109,3	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	210.000.000	100,0	-19.487

Bundið slitlag á ári

Þróunarsvið Vegagerðarinnar heldur skrá yfir lengd vega með bundnu slitlagi. Í árslok 2004 voru þessir vegir 4.463 km, þar af 3.429 á stofnvegum, 814 á tengivegum og 220 km á safn- og landsvegum.

Á myndinni hér til hliðar má sjá þróunina sl. 34 ár. Árið 1970 var bundið slitlag 56 km eða rétt rúmlega Keflavíkurvegurinn.



Brúarvinnuflokkur Hauks Karlssonar við Miðhúsaá á Fjarðarheiði 12. júlí - 13. september 1973.

Útnesvegur (574)

Í þessu tölublaði er auglýst útboð vegagerðar Útnesvegur (574) frá Gröf að Arnarstapa.

Kaflinn nær frá enda klæðingar milli Grafar og Hamraenda að enda klæðingar ofan Arnarstapa. Einnig skal leggja veg að Jökulhálsvegi.

Verkið felst í endurbyggingu Útnesvegur (574) ásamt gerð vegamóta við Jökulhálsveg og endurlögn 8 veltenginga. Lengd útboðskaflans er um 6,6 km.

Útnesvegur á þessum kafla verður vegtegund C2, heildarbreidd 6,5 m auk breiddaraukningar af öryggisástæðum við háar fyllingar og ræsi hærri en 2 m. Vegurinn verður með 6,2 m breiðu bundnu slitlagi og 0,15 m breiðum malaröxlum.

Markmið framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi og tryggja greiðari samgöngur við Útnesveg.

Verktími


Verkið skal hefja samkvæmt samþykktri verkáætlun. Gerð fyllinga, neðra burðarlags ásamt áætluðu heildarsigi á mýrar-svæðum skal lokið eigi síðar en 1. október 2005. Lagningu neðra lags klæðingar skal lokið fyrir 1. júlí 2006. Ekki er heimilt að hefja framkvæmdir sem tefja umferð á núverandi vegi, fyrir en eftir 20. ágúst 2005.

Veglína


Á kaflanum frá Gröf að Sleggjubeinu fylgir nýr vegur núverandi vegstæði 3,6 km en verður breikkaður og lagður bundnu slitlagi. Frá Sleggjubeinu að Stapafelli er ný veglína, 1,8 km um gróið land og 1,7 km um Klifhraun. Leiðin stytst um 0,8 km.




Núverandi vegur um Hnausahraun verður endurbyggður á sama stað.



Snjóflóð á núverandi Útnesvegi undir Smálækjahlíð.






Umferð og banaslys

Þetta kort sýnir magn umferðar með tákraenum hætti, þ.e. breidd rauðra strika táknar fjölda bifreiða á dag.

Hæsta gildi sýnir vegi þar sem umferð er meiri en 1.000 bílar á dag og því er myndin ekki nógu skýr fyrir suðvesturhorn landsins þar sem umferð á vegum næst höfuðborgarsvæðinu getur verið margföld sú tala. En fyrir landið í heild gefur þessi teikning nokkuð góða mynd.

Myndin sýnir einnig þá staði þar sem banaslys urðu í umferðinni á árunum 1998 til 2004. Samhengi milli umferðarmagns og umferðarslysa er augljóst þótt einnig geti orðið slæm slys þar sem umferð er hverfandi lítil.

Myndin er gerð samkvæmt upplýsingum frá umferðardeild Vegagerðarinnar.



Ársumferð 2004

-  > 1000 bílar á dag
-  500 - 1000 bílar á dag
-  200 - 500 bílar á dag
-  < 200 bílar á dag
-  Banaslys árin 1998-2004
-  Sýnir fjölda látinna í hverju slysi

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaeldar. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
05-027 Lagfæring axla á Hafnarfjarðarvegi	05
05-025 Yfirlagnir á Suðursvæði, malbik	05
05-019 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2005-2006, vesturhluti	05
05-010 Yfirlagnir á Suðursvæði 2005, klæðing	05
05-003 Reykjanesbraut (41), Laugarnesvegur - Dalbraut (færsla Sæbrautar)	05
04-044 Hringvegur (1), hringtorg við Norðlingavað	05
03-009 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki	05
03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki, eftirlit	05
04-006 Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði	05
00-054 Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur	05
04-072 Garðskagavegur (45) um Ósaboðna	05

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
05-023 Festun og yfirlögn á Suðursvæði og Suðvestursvæði 2005-2006	09.05.05	24.05.05
05-024 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2005	09.05.05	24.05.05
04-004 Útnesvegur (574), Gröf - Arnarstapi	09.05.05	24.05.05
05-002 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2005, malbik	09.05.05	24.05.05
05-021 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2005, norðurhluti	09.05.05	24.05.05
05-006 Yfirlagnir á Suðvestursvæði, klæðing	02.05.05	17.05.05
04-071 Auðsholtsgögn (340), Skeiðavegur - Syðra Langholt	02.05.05	17.05.05
05-007 Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2005, austurhluti	02.05.05	17.05.05
05-009 Ólafsfjarðarvegur (82) á Lágheiði	02.05.05	17.05.05
05-018 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2005-2006, norðurhluti	02.05.05	17.05.05
05-022 Kringlumýrarbraut (40) - Miklabraut (49), breikkun gatnamóta, eftirlit	25.04.05	10.05.05
05-017 Yfirlagnir á Norðvestursvæði 2005-2006, vesturhluti	25.04.05	10.05.05
05-008 Festun og yfirlögn á Norðaustursvæði 2005	25.04.05	10.05.05

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
05-004 Kringlumýrarbraut (40)- Miklabraut (49), breikkun gatnamóta	18.04.05	03.05.05
05-016 Festun og yfirlögn á Norðvestursvæði 2005-2006	18.04.05	03.05.05
05-015 Sérmerkingar á Suðvestursvæði 2005	04.04.05	19.04.05
05-013 Hringvegur (1) um Eldvatnsbotna 2005	29.03.05	12.04.05

Felt af lista

05-020 Efnisvinnsla á Norðvestursvæði 2005, norðurhluti

Auglýsingar útboða

Festun og yfirlögn á Suðursvæði og Suðvestursvæði 2005 - 2006 05-023

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í festun vega með froðubiki eða bikþeytu og lögn tvöfaldrar klæðingar á Suðursvæði og Suðvestursvæði á árunum 2005 og 2006. Um er að ræða alls 33,8 km á 17 vegarköflum.

Helstu magntölur eru:

Festun með froðubiki eða bikþeytu

Árið 2005126.000 m²

Árið 2006116.000 m²

Tvöföld klæðing

Árið 2005126.000 m²

Árið 2006116.000 m²

Verklok verkhluta eru 1. september hvort ár.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 9. maí 2005. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 24. maí 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Yfirlagnir á Norðaustursvæði 2005, norðurhluti 05-021

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í yfirlagnir með klæðingu á Norðaustursvæði 2005, norðurhluta. Um er að ræða yfirlögn og viðgerðir með klæðingu.

Helstu magntölur eru:

Yfirlögn460.000 m²

Flutningur steinefnis 6.900 m³

Flutningur bindiefnis 820 tonn

Verki skal að fullu lokið 1. september 2005.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri, Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði, og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 9. maí 2005. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 24. maí 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Efnisvinnsla á Suðursvæði 2005 05-024

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í efnisvinnslu í 7 námum á Suðursvæði á árinu 2005

Helstu magntölur eru:

Efni í malarslitlag 13.000 m³

Efni í efra burðarlag 2.000 m³

Efni í klæðingu 26.000 m³

Verki skal að fullu lokið 1. september 2005.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 9. maí 2005. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 24. maí 2005 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.